



Ráðstefna: Vísindamaðurinn Þorvaldur Thoroddsen

Vísindafélag Íslendinga og Þjóðminjasafn Íslands gangast fyrir ráðstefnu um vísindamanninn Þorvald Thoroddsen (1855-1921) laugardaginn 29. október 2005 í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins kl. 13.30-17.00. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

Þorvaldur Thoroddsen er meðal merkustu vísindamanna þjóðarinnar. Þekktastur er hann fyrir rannsóknir sínar á sviði jarð- og landafræði, en fyrir þær fékk hann viðurkenningu vísindastofnana víða um heim. Í tilefni þess að nú eru 150 ár liðin frá fæðingu hans gangast Vísindafélag Íslendinga og Þjóðminjasafn Íslands fyrir ráðstefnu þar sem fjallað verður um ævi hans og rannsóknir frá ýmsum sjónarhornum. Fluttir verða fimm fyrirlestrar um 20 mínútur að lengd, auk þess sem gert er ráð fyrir smátíma fyrir stuttar fyrirspurnir og/eða athugasemdir úr sal. Í tengslum við ráðstefnuna verða sýndir munir úr minjasafni Þorvalds og Þóru Thoroddsen sem varðveitt er í Þjóðminjasafni Íslands.

Dagskrá:

Kl. 1.30-15.10

Ráðstefnan sett: Einar Sigurbjörnsson, forseti Vísindafélags Íslendinga.

Helga Kress, bókmenntafræðingur og prófessor við Háskóla Íslands: „Næstum Guði treysti ég þér.“ Þorvaldur Thoroddsen í sendibréfum frá vinum hans og fjölskyldu.

Árni Daníel Júlíusson, sagnfræðingur, ReykjavíkurAkademíunni: Nokkur orð um söguskoðun Þorvalds Thoroddsen í Landbúnaðarsögu Íslands.

Sigurður Steinþórsson, jarðfræðingur og prófessor við Háskóla Íslands: Jarðfræðirannsóknir Þorvalds Thoroddsen.

Kaffihlé

Kl. 15.40-17.00

Ingibjörg Jónsdóttir, landfræðingur og dósent við Háskóla Íslands: Rannsóknir Þorvalds Thoroddsen á hafis við Ísland.

Þorsteinn Helgason, sagnfræðingur og dósent við Kennaraháskóla Íslands: Heimildamynd um vísindamann.

Að ráðstefnu lokinni verða bornar fram léttar veitingar í boði rektors Háskóla Íslands.